

Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 8. nóvember 2022
Mnr. 2022050015



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - gjaldskrá byggingarfulltrúa 2023 til birtingar í Stjórnartíðindum

Samkvæmt 51. gr. laga 160/2010, um mannvirki, skal gjaldskrá byggingarfulltrúa, ákveði sveitarstjórn að setja hana, birt í B-deild stjórnartíðinda.

Er því meðfylgjandi gjaldskrá byggingarfulltrúa lögð fram til samþykktar, en fjárhæðir gjaldskrárinnar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar þann 3. nóvember 2022, sbr. tillögu skipulags- og mannvirkjanefndar á 593. fundi, þann 3. október 2022.

Sú breyting er lögð fyrir nefndina til samþykktar að gjaldskrá byggingarfulltrúa sé sett í sér skjal til birtingar í Stjórnartíðindum, en ekki sem hluti af samþykkt um gatnagerðargjald og stofngjald vatnsveitu og fráveitu, en og upphaflega var lagt til.